

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn í skólanum 13. maí 2019 kl. 8.05

Mættir: Þuríður Sigurrós Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Ingrún Vala Hlynsdóttir fulltrúi foreldra, Katrín Guðnadóttir fulltrúi starfsmanna skólans, Torfi Hjörvar Björnsson fulltrúi kennara, Sigríður Guðnadóttir fulltrúi kennara, Ester Hjartardóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Sirrý Fjóra Þórarinsdóttir 9. bekk, fulltrúi nemenda, Helga Ósk Gunnsteinsdóttir 10. bekk, formaður nemendaráðs, Þrúður Sóley Guðnadóttir 10. bekk, varaformaður nemendaráðs, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2019-2020
Skólastjóri kynnti skóladagatal næsta skólaárs. Eftir umræður var skóladagatalið samþykkt.
2. Niðurstöður foreldrakönnunar og nemendakönnunar Skólapúlsins
Skólastjóri kynnti niðurstöðurnar. Samantekt á niðurstöðum foreldrakönnunar verða sendar foreldrum í tölvupósti á næstu dögum. Skólastjóri lýsti ánægju með niðurstöðurnar. Niðurstöður nemendakönnunar í 6.-10. bekk voru einnig kynntar. Fleiri þættir voru yfir landsmeðaltali en undir. Nemendur fá fljótlega kynningu á niðurstöðum. Niðurstöður könnunar í 1.-5. bekk liggja fyrir á næstu dögum.
3. Opinn fundur skólaráðs
Skólastjóri lagði til að opinn fundur skólaráðs verði 28. maí n.k. Ákveðið að hafa fundinn þann dag kl. 8.10. Efni fundarins yrði: Niðurstöður Skólapúlskannanna, stutt kynning á vetrarstarfinu, innleiðingu á uppbyggingarstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og teymiskennslu.
4. Önnur mál
Skólastjóri sagði frá styrk kr. 400.000, sem skólinn fékk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til innleiðingar á teymiskennslu á skólaárinu 2019-2020.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9.10
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari